

Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskjali 1191 [Fjáráukalög 2020].

Frá Þorsteini Víglundssyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni,
Birgi Þórarinssyni, Birni Leví Gunnarssyni og Ingu Sæland.

Fjárhæðin 1.286,0 m.kr. í 6. tölul. hækki um 9.000,0 m.kr.

Greinargerð.

Lagt er til að ráðist verði í mannaflsfrekar framkvæmdir sem hægt er að ráðast í á þessu ári. Verður Vegagerðinni falið að meta hvaða verkefni (5 milljarðar kr.) gætu bæst við en þar má nefna t.d. flýtingu á framkvæmdum við Reykjanesbraut, Suðurlandsveg og Vesturlandsveg sé þess kostur. Þá er lagt til að 3 milljörðum kr. verði ráðstafað í viðhald og tengivegi vegakerfisins þar sem Vegagerðinni verði falið að meta brýnustu verkefnin í hverjum landshluta. Milljarði kr. verði varið í flýtingu framkvæmda vegna skipulagsmála á höfuðborgarsvæðinu og í göngu- og hjólastíga.